

Umsögn

um frumvarp til laga

um fullnustu refsinga

332. mál, lagafrumvarp
145. löggjafarþing 2015–2016.

Nóvember 2015

Nefnd sú er fengin var til að semja frumvarpið með skipunarbréfi ráðherra var að mestu samansett af embættismönnum frá fangelsismálastofnun og innanríkisráðuneytinu. Það verður að teljast afar óeðlilegt að ein stofnun semji frumvarp um sjálfan sig. Ekki er langt síðan að innanríkisráðherra fyrrverandi Frú Hanna Bina Kristjánsdóttir, skipaði óháða nefnd til að vinna að frumvarpi um nýtt milli dómsstig. Frumvarpið er að mestu byggt á núgildandi lögum sem skortir alla pólitíska stefnumótun í samræmi við þau ríki sem Ísland ber sig að jafnaði við, sem hafa tekið upp betrunarstefnu í fangelsismálum, enda er eingöngu um að ræða lagatæknilegar tillögur frá embættismönnum fangelsismálastofnunar og innanríkisráðuneytisins. Danskar rannsóknir hafa sýnt að betrunarvist skilar miklum samfélagslegum ávinningi, ekki bara fyrir fangana sjálfa heldur fyrir þjóðina alla. Skoðanakannanir í Noregi sýna að almenningsur telur að fangelsisvist eigi að vera úrræði til betrunar, fremur en hefnd samfélagsins. Þá hefur danski dómsmálaráðherrann sagt að markmiðið með dómum sé að fækka brotarþolum og það sé að gerast með betrunarstefnunni. Ekki er að sjá slíka nálgun í þeim drögum að frumvarpi um fullnustu refsinga sem nú liggur fyrir.

Árangur Norðurlandanna í betrun er ótvíráður og hefur ekki bara minnkað endurkomutiðni í fangelsin heldur einnig fækkað glæpum, fækkað brotarþolendum auk þess sem alur kostnaður hefur minnkað hjá fangelsunum, lögreglu og dómstólum. Tekjur hafa aukist í formi skatta og kostnaður við örorkubætur fanga hefur snar minnkað. Norðurlöndin eru í dag með 20% -25% endurkomutiðni á meðan við sem eru með refsikerfi erum með yfir 50% endurkomutiðni, sem Afstaða telur varlega reiknað en innanríkisráðherra sagði fyrir stuttu á alþingi að annar hver fangi kæmi aftur í fangelsi. Afstaða leggur mikla áherslu á að úr fangelsunum verði útskrifaðir iðnaðarmenn eins og smiðir, málara, píparar, múrarar, kokkar og bakarar í staðinn fyrir að yfir 60% fanga útskrifast sem öryrkjar eftir fangavist.

Frá því að frumvarpið var samið hafa miklar þjóðfélagsbreytingar átt sér stað. Þannig er nú t.d. unnið að frumvarpi um afgangavæðingu á hlutum sem hingað til hafa verið afgreiddir með fangelsisvist. Ótrúlegur fjöldi einstaklinga er í dag vistaður í fangelsum landsins sem ekki ættu að vera vistaðir þar, sem eru sjúklingar og ættu því að vera vistaðir á viðhlítandi stofnunum. Við gerð frumvarpsins var stuðst við rannsóknir á Íslandi sem gerðar voru fyrir árið 2008 og eru í dag barn síns tíma. Auk þess eru þær tölur sem fengnar eru frá fangelsismálastofnun villandi þar sem á Íslandi telst það ekki endurkoma í fangelsi ef liðin eru 2 ár frá því að einstaklingurinn var síðast í fangelsi og sýna þær því ranga mynd af endurkomutiðni á Íslandi.

Í frumvarpinu segir að „mikilvægt [sé] að lög um fullnustu refsinga séu eins skýr og unnt er“. Samt sem áður eru fjöldamörg vafaatriði sem ekki hafa enn verið gerð skil, eins og t.d. útskýringar á „í sérstökum tilvikum“ og skilgreining á því hvað sé „góð regla og öryggi í fangelsinu“. Orðið betrun kemur ekki einu sinni fram í frumvarpinu en aðeins þrisvar í athugasemdum frumvarpsins og þá t.d. í lið þar sem föngum er nánast gert ómögulegt að stunda nám fyrr en eftir að hafa afplánað samfelld í 5 ár. Það hlýtur að segja sig sjálft það að láta fanga bíða í 5 ár eftir að geta hafið nám er engin betrun.

Verulega skorti á samráð nefndarinnar við talsmenn fanga, sem mynda stjórn Afstöðu. Kallaði stjórnin eftir slíku samráði með erindi til ráðherra dags. 21. júlí 2011 og aftur 01. Júní 2015. Af því varð ekki, en vísað er til slíks samráðs í umfjöllun nefndarinnar um V. kafla. Á stuttum fundi stjórnar Afstöðu með nefndinni árið 2010 var komið að nokkrum hugmyndum sem væru til þess fallnar að efla tengsl fanga við fjölskyldu og vini. Ein þeirra tillagna sem varðar fjölskyldurleyfi hefur verið tekin inn í frumvarpið, en þó með þeim annmörkum að slík leyfi munu einungis nýtast þeim sem eru með 12 ára dóma eða lengri og meira að segja þá getur fangi með 12 ár aðeins nýtt sér slíkt leyfi í 2 skipti áður en hann fer á Vernd. Það er ljóst að ekki er verið að taka tillit til aðstandanda og barna fanga í þessari grein. Þá er lagt til í frumvarpinu að heimsóknir vina verði takmarkaðar það mikið í lokuðu fangelsi og því óvist við hverja eigi að efla tengslin með fjölskylduleyfunum, enda tengsl fanga við fjölskyldu oft ekki náin.

Nefndin féll frá því að setja ákvæði um eftirlit með fangelsunum þar sem „ekki þóttu vera rök til þess“ m.a. vegna þess að að nægjanlegt sé að CPT-nefnd Evrópuráðsins komi til Íslands með reglulegu

millibili¹. AFSTAÐA harmar þessi ummæli og telur þau ganga algerlega á svig við fyrirætlanir stjórnvalda, sem hafa allt frá árinu 1999 látið í ljós þá ætlan sína að koma á innlendu eftirliti með stofnunum sem vista frelsissvipta. Eins og fram kemur í skýrslu CPT-nefndarinnar til íslenskra stjórnvalda sem birt var 19. nóvember 2013 lýsti umboðsmaður Alþingis því yfir við nefndina að hann hefði ekki tök á að fylgjast með stofnunum sem vista frelsissvipta með reglulegum hætti.

Afstaða hefði helst vilja sá pólitíska heildræna endurskoðun á málaflokknum með betrun í huga og að best væri að leggja frumvarp þetta til hliðar og gera nýtt með það í huga. Hins vegar er ólíklegt að það verði gert þar sem þetta er ráðherrafrumvarp, sem hefur verið í mörg ár í smíðum með refsistefnu í huga og því hefur Afstaða gert athugasemdir um þetta frumvarp og reynt að hafa okkar hugmyndir þannig að það skapist allavega einhverskonar vísir af betrun, sem ekki hefur verið fyrir hendi áður. Við gerð frumvarpsins vantar algjört grundavallar mál til þess að betrun geti átt sér stað hjá föngum í afplánun en það er að allir séu jafnir fyrir öllum úrræðum fangavistarinnar. Það á ekki að skipta máli, aldur, kyn, ferill eða brotaflokkur heldur verður að meta einstaklinginn út frá því hvaða leið hann velur að taka í sinni afplánun. Við vörum við því að setja menn í flokka eftir brotaflokkum enda hafa nógildandi lög sýnt okkur að það er ekki að ganga. Ef við líkjum þessu við fikniefnamedferð þá myndi það ekki aðstoða marga fikla mikið ef að sagt yrði við þá í meðferð, að þeir fengju ekki langtíma meðferð eða ráðgjöf ef þeir væru orðnir þetta gamlir, hefðu komið svona oft í meðferð eða notað þessa tegund af vímuefnum. Því fleiri hvatar sem eru fyrir fanga til að breyta um lífstíl og breyta lífi sínu til hins betra því meiri líkur eru að markmiði með betrun verði náð.

Í frumvarpinu er ekki tekið á mjög mikilvægum málum eins og t.d. eineltismálum þ.e. þegar fangaverðir leggja fanga í einelti en slíkt hefur ítrekað komið upp í fangelsum landsins á síðustu árum og engin úrræði eru til staðar. Fangar geta ekki leitað neitt til þess að tekið verði á slíkum málum og undatekningalaust eru fangaverðir varðir af forstöðumönnum fangelsana. Þetta eru erfið mál sem verður að finna flöt á. Fangar sem leggja aðra fanga eða fangaverði í einelti geta hins vegar átt vona á ýmsum viðurlögum. Ekki er tekið á skaðaminnkunar málum eins og til að minnka útbreyðslu sjúkdóma, sem geta smitast við sprautu notkun eða kynlífs. Staðreyndin er sú að í fangelsunum er mikið um sprautuneyslu, þar sem fangar sprauta sig með fikniefnum og einnig er nokkuð um kynlíf á milli fanga. Það er óþarfi að hafa þetta eitthvað leynt og mikið leyndarmál en það þarf að finna lausn á málinu. Í raun er ekki erfitt að finna lausn, það eina sem þarf að gera er að hreinar sprautur og nálar verði aðgengilegar hjá hjúkrunarkonu fangelsana og ekki verði refsáð fyrir notkun sprautna og nála og að fiklar verði ekki ofsóttir af fangavörðum vegna neyslu heldur þeim föngum aðstoðað við að komast í meðferðir. Smokkar þurfa að vera mjög aðgengilegir í fangelsum sem og í heimsóknaraðstöðu og ekki að þeir séu undir eftirliti eins og nú er, en það dregur úr notkun þeirra.

Nú er tækifæri til að móta í fyrsta sinn stefnu í fangelsismálum, sem hafi það að markmiði að fækka endurkomum í fangelsi og byggja upp einstaklinga til virkrar þátttöku í samfélaginu – allt frá upphafi afplánunar.

I. KAFLI

Engar athugasemdir.

¹ Bls. 30

II. KAFLI

Um 6. gr.

Í 95. gr. er lagt til að allar ákvarðanir verði kæránlegar til ráðuneytisins, í samræmi við almennar reglur stjórnslulaga. Því er lagt til að ekki verði lengur gert að skilyrði að forstjóri fangelsismálastofnunar sé lögfræðimenntaður, heldur hafi háskólamenntun og reynslu sem nýtist í starfi.

Um 7. gr.

Tekið er undir mikilvægi þessara greinar þar sem afar slæm reynsla er á núverandi fyrirkomulagi. Forstöðumaður tekur ákvarðanir sem varða heilsu og jafnvel líf fanga, sem á sama tíma getur haft mjög mikil áhrif á aðstandendur fanga. Það verður að krefjast þess að hæfasta fólkið sé valið í þessar stöður og að þeir aðilar hafi háskólamenntun sem svo sannarlega nýtist í starfi. Gera það skýr ákvæði í lögum um hvernig skipun staðgengils forstöðumanns er háttáð.

Um 9. gr.

Fangavardaskóli er starfræktur til að mennta fangaverði. Skólinn býður þó ekki upp á neina framhalds- eða endurmenntun. Auk þess eru ekki stundaðar neinar rannsóknir í tengslum við skólann. Lagt er til að á þessu verði gerð breyting. Í Noregi hefur fangavardanam verið eflt og er í dag háskólanám. Lagt er til að fangavardaskólinn verði á einhvern hátt settur saman með fyrirhuguðum breytingum á Lögregluskóla ríkisins.

III. KAFLI

Um 24. gr.

Ákvæði um gerð meðferðar- og vistunaráætlunar er sambærilegt ákvæði í 17. gr. núverandi laga. Slíkar áætlanir hafa hins vegar ekki verið gerðar, þrátt fyrir að kveðið sé á um það í lögum. Afar mikilvægt er fyrir fanga og aðstandendur þeirra að gerðar séu meðferðar og vistunaráætlanir. Það getur verið mjög íþyngjandi að vita í aldrei hvenær og hvar einstaklingurinn sé staddur í kerfni og hvenær hann hefur tækifæri fyrir hvert úrræði. Dæmi eru um að föngum sé sleppt út með nokkra klukkustunda fyrirvara. Lagt er til að orðalaginu „eins fljótt og auðið er“ verði breytt í „innan tveggja vikna“. Lagt er til að ekki verði aðeins notað orðið meðferðaráætlun heldur einnig orðið vistunaráætlun eins og er gert í núgildandi lögum og einnig í fyrri drögum um þetta frumvarp, því áætlun þessi tekur til vistunar fangans alla hans úttekt. Norðurlöndin hafa öll vistunaráætlanir fyrir fanga og eru þær gerðar innan 2 vikna frá því að fangi kemur í afplánun. Afstaða telur nauðsynlegt að áætlun þessi verði gerð fyrir alla fanga en ekki að það sé mat hverju sinni.

Um 25. gr.

Í dag og síðast liðin ár hefur verið gífurlegt atvinnuleysi í fangelsum landsins. Fangelsin hafa brugðist sinni skyldu að útvega störf í fangelsin og þess vegna er mikið iðjuleysi og oft vonleysi í fangelsunum, sem kallar á ýmiskonar vanda eins og fíkniefnaneyslu, ofbeldi, peningaleysi, þunglyndi og annarskonar heilbrigðisvanda. Lagt er til að fangelsunum verði gerð skylda að útvega öllum föngum atvinnu. Lagt er til að fellt sé úr frumvarpinu daga og tímasetningar um hvenær fangar mega vinna því það getur stangast á við vinnu fanga þegar þeir vinna utan fangelsis, sem innan. Breyta þarf ákvæðum samkeppnislaga sem hamla atvinnutækifærum í fangelsunum, svo unnt sé að allir fanga geti stundað vinnu. Taka þarf út ákvæðið "eftir því sem aðstæður leyfa" úr 1. mgr.

Um 26. gr.

Í Danmörku vinna félagsfræðingar allan tímann með fanganum og gera áætlanir í upphafi sem unnið er með allan afplánunartímann. Það þýðir að öll afplánun fangans er metin og farið er eftir markvissri áætlun. Í Danmörku er t.d. slagorðið „Þú færð eitthvað, fyrir eitthvað“, sem í raun þýðir að ef þú

stendur þig vel í námi, vinnu og meðferð þá átt þú möguleikann á því að losna fyrr, alveg óháð fyrri ferli og ekki farið í skilgreiningu á brotaferli eða flokki.

Í dag er brotalöm í þessum málum er varðar nám fanga. Föngum er mismunað eftir ýmsum atriðum eins og t.d. kynferði, landshlutum og fjárráðum. Það hlýtur að vera alger mismunun að ekki sé greitt fyrir nám fanga sem eru í fjarnámi eða á háskólastigi. Einnig er það alger mismunun að ekki séu greiddar skólabækur fyrir alla fanga, alveg óháð því hvort kennarinn sé á staðnum eða ekki. Einnig ætti fangelsismálastofnun að bera ábyrgð á því að allir fangar geti stundað nám og að allir fangar eigi kost á sama aðgengi að námi, kennurum og námsefni - óháð því í hvaða fangelsum þeir eru vistaðir. Það á að gilda það sama yfir allt nám, alveg sama hvort um er að ræða nám á staðnum með eða án kennara, fjarnám, iðnnám eða háskólanám. Fangelsismálastofnun ætti að vera skylt að sjá um að semja við skóla á öllu landinu, en ábyrgðinni ekki hent á milli ráðuneyta. Í dag er það þannig að þeir fangar sem bara eiga kost á fjarnámi, en hafa ekki til þess fjárhagslegt bolmagn, geta ekki stundað nám.

Lagt er til að fangelsunum verði bannað að takmarka þóknarir fanga sem eru í skóla en í dag hafa fangelsin sett þak á vinnustundir þeirra fanga sem stunda nám en ekki þeirra sem stunda vinnu.

Í frumvarpinu segir: Fangelsi útvegur og greiðir fyrir kennslubækur vegna kennslu sem fer fram í fangelsi og eru þær eign fangelsis. Lagt er til að tekið verði út úr greininni: sem fer fram í fangelsi. Taka verður tillit til þeirra fanga sem eru í fjarnámi og háskólanámi, sem ekki hafa aðgang að kennurum á staðnum.

Orðið starfsþjálfun er nýtt og því ber að fagna, en það þarf að gera meira en að setja orðið inn í lög, það þarf virkilega að opna þann möguleika fyrir fanga og það snemma í afplánun til þess að fangi geti haft möguleika á að útskrifast í afplánuninni og skal tekið tillit til þess í vistunaráætlun fanga.

Í 4. mgr. er nýmæli. Afstaða áttar sig ekki á þeim breytingum sem slíkt hefur í för með sér varðandi nám fanga.

Um 27. gr.

Til að samræmi sé á milli 25.gr og þessara greinar þá þarf að taka út upphaf 2. ml. 1. mgr. "Sé ekki unnt að útvega fanga vinnu".

Dagpeningar fyrir brýnustu nauðsynjum til persónulegrar umhirðu skal greiða öllum föngum óháð því hvort þeir eru í námi, vinnu eða atvinnulausir. Lagt er til að kveðið sé á um upphæð dagpeninga í reglugerð og hún ákveðin af ráðherra. Hlutverk dagpeninga er að halda uppi lágmarks sjálfsvirðingu og því óeðlilegt að fangelsismálastofnun ákveði upphæð þeirra, enda hefur stofnunin engar forsendur til þess. Í Danmörku fá allir fangar dagpeninga og óheimilt er að svipta eða takmarka slíkar greiðslur, t.d. vegna skulda, sekta eða annarra ástæðna.

Afstaða telur að taka verði á þóknunum fanga og breyta kerfinu þannig að fanganum séu greidd laun, og fanganum séu tryggð lágmarks réttindi. Fangar skulu ekki líða fyrir ágreiningsefni yfirvalda og skal velferð fangans höfð að leiðarljósi. Afstaða harnar að til umræðu hafi komið, líkt og fram kemur í athugasemdum með greininni, að fella niður allar greiðslur til fanga vegna vinnu og náms, vegna ágreinings yfirvalda.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að ráðherra ákvarði hækkun gjaldkrár dagpeninga fanga. Lagt er til að ráðherra ákvarði ekki bara dagpeninga heldur einnig þóknarir og fæðisfé fanga. Skal ráðherra setja upp kerfi sem hækkar gjaldkránna á hverju ári með tillits til hækkunar vísitölu eða neysluviðmiði einhverskonar. Rétt er að taka fram að dagpeningar og þóknarir fanga hafa ekki hækkad frá árinu 2006 eða í rétt 10 ár. Fæðisfé hefur ekki hækkad frá árinu 2008 eða um 8 ár, fyrir utan auka 100 krónur, sem fékkst vegna pressu á síðasta ári og er engan veginn nægjanlegt.

Um 28. gr.

Gera þarf greinarmun á dagpeningum og þóknun (launum). Dagpeningar fanga eru hugsaðir til greiðslu brýnustu nauðsynja til persónulegrar umhirðu og algerlega óhæft að svipta fanga slíkum greiðslum. Ef fangi hefur verið dæmdur til greiðslu skadabóta og/eða þarf að greiða sjálfur tannlæknakostnað og nám er ekkert eftir af hans þóknun/dagpeningum, til að t.d. vera í samskiptum við fjölskyldu í gegnum síma, eða geta leyft sér nokkurn hlut eins og t.d. að kaupa gjöf handa barninu sínu. Það brýtur niður sjálfsvirðingu einstaklingsins. Að taka fjórðung af þóknun (launum) er hins vegar góð lausn, en aldrei skerða dagpeninga, og passa verður að það verði hámarkið.

Um 29. gr.

Nauðsynlegt er að skýra og taka á því í þessu frumvarpi hver eigi að sjá um tannlækningar fanga og hver eigi að greiða fyrir slíka þjónustu. Ótækt er að fangar skuli líða fyrir óeiningu stjórnvalda um þetta mál. Fangar falla í flokk þeirra, sem á engan hátt geta greitt fyrir tannlæknaþjónustu og mjög algengt er að fangar, og sérstaklega langtímafangar, komi aftur út með ónýtar tennur eftir afplánun. Ófremdarástand er í tannheilsumálum fanga í dag og hefur Velferðarráðuneytið ekki viljað gera heildarúttekt á því máli, þrátt fyrir ósk þar að lútandi. Í Danmörku hefur verið tekin ný stefna þar sem greitt er fyrir alla tannlæknaþjónustu fanga, enda mikilvægur þáttur í betrun og að byggja upp sjálfsvirðingu einstaklingsins. Fyrir hrun fengu langtímafangar styrk frá fangelsunum upp að 51.000 kr árlega fyrir nauðsynlegri tannlæknaþjónustu. Lagt er til að sá háttur verði aftur tekin upp.

Um 31. gr.

Í 2. mgr. er kveðið á um að fangar skuli sjálfir greiða fyrir vistun á stofnun eða heimili sem fangelsismálastofnun hefur gert samkomulag við. Í skýrslu CPT nefndar Evrópuráðsins frá 2012 eru gerðar athugasemdir við þetta fyrirkomulag (málgrein 34, bls. 18). Í fyrri málslið undirstrikar nefndin mikilvægi þess að fangar geti farið í opið fangelsi og í framhaldinu á áfangaheimili. Í seinni málslið eru gerðar alvarlegar athugasemdir við skort á áfangaheimili fyrir konur auk þess sem eina áfangaheimilið sem sé í boði, og rekið er af félagasamtökunum Vernd, sé rekið af frjálsum félagasamtökum sem krefjist greiðslu frá vistmönnum.

Óeðlilegt er að fangar séu skikkaðir til að greiða fangelsisvist sína, þó að ýmsum kostnaðarliðum við fangelsisrekstur hafi vissulega undanfarin ár í auknum mæli verið velt yfir á hinn frelsissvipta. Því er algjörlega lagst gegn þessu ákvæði og lagt til að 2. mgr. 31. gr. verði felld úr frumvarpinu.

Gera þarf föngum kleift að stunda nám, vinnu, starfsþjálfun eða meðferð miklu fyrr, og þar ætti að koma til móts við fanga eftir hans hegðun, atferli og framkomu í samræmi við vistunaráætlun fangans. Flestir fangar sem hafið hafa nám í afplánuninni hafa þurft að leggja niður nám á áfangaheimilum vegna gjalda.

Um 32. gr.

Lagt er til að þessi grein verði samþykkt og hámarks lengd afplánunar undir rafrænu eftirliti verði 360 dagar eða lengur, enda hefur þetta úrræði gefið góða raun og því lagt til að umsvif þessa úrræðis verði aukið frekar en dregið úr því.

Um 33. gr.

1. mgr. gefur tilefni til geðþóttaákvæðana. Fanginn þyrfti að fá rökstuddar skýringar á slíkri höfnun.

Tryggja þarf að þeir fangar sem ekki geta greitt fyrir að vera á áfangaheimili vegna fjárhagsörðuleika, geti nýtt sér þetta úrræði.

Um 34. gr.

Í 2. mgr. segir að auk þess megi láta fanga, sem gengst undir rafrænt eftirlit, undir eftirtalin skilyrði: Að fanginn hlíti fyrirmælum fangelsismálastofnunar um umgengni við aðra menn og iðkun tómsundastarfa. Einnig að fanginn sæti sérstakri meðferð sem fangelsismálastofnun ákveður. Afstaða telur að þetta þurfi að skilgreina betur og að fyrirmælin séu ekki svo íþyngjandi að þau komi niður á ástundun náms eða vinnu.

Í 3. mgr. segir að ekki megi falla grunur á fanga um refsiverðan verknað. Afstaða telur að þetta verði að skýra mun betur og frekar nota orðin að fanginn megi ekki fremja refsiverðan verknað.

Um 37.-41. gr.

Samkvæmt þrískiptingu ríkisvalds fara dómstólar með dómsvald. Það er því óeðlilegt að fangelsisvirkni, sem fara með framkvæmdavald, fari með ákvörðunarvald um hverjir skuli afplána í samfélagsþjónustu og hverjir ekki. Slík ákvarðanatöku á að vera í höndum dómstóla. Lagt er til að greinarnar verði felldar út úr frumvarpinu og fundinn staður í lögum um meðferð opinberra mála.

Hins vegar ef þessi grein verður í lögum um fullnustu refsinga þá telur Afstaða að samþykkja þurfi 3. mgr. þar sem lagt er til að samfélagsþjónusta verði lengd í 12 mánuði.

Um 38. gr.

Í 1. mgr 2. tl er meðal skilyrða að dómþoli megi ekki eiga mál til meðferðar hjá lögreglu ef koma á til álita að hann afpláni dóm í samfélagsþjónustu. Ef mál eru þess eðlis að þau séu í ákærufarli eða til meðferðar hjá dómstólum er eðlilegt að til þess sé tekið tillit en ef mál er til meðferðar hjá lögreglu, án þess að vera í ákærufarli eða í meðförum dómstóla, er vandséð að slík mál séu þannig vaxin að það sé skilyrðisbrestur þess að hægt verði að heimila einstaklingi að afplána í samfélagsþjónustu.

Að öðru leyti vísast til umsagnar um 37.-41. gr

IV. KAFLI

Um 42. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að tekið verði út "nema sérstakar aðstæður eða húsrými komi í veg fyrir það".

Um 44. gr.

Ísland gerði fyrirvara við 37. gr. c. við fullgildingu á Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins (Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna) svo hægt væri að vista börn yngri en 18 ára í fangelsum með fullorðnum. Er því hér harðlega mótmælt og lagt til að greinin verði felld út úr frumvarpinu og hvatt til þess að Barnasáttmálinn verði fullgiltur án fyrirvara.

Um 45. gr.

Tilgangur heimsókna í fangelsi er að viðhalda tengslum við fjölskyldu og vini og draga þannig úr neikvæðum afleiðingum fangelsisvistar. Afstaða telur að megin reglan eigi að vera sú að heimsóknir fanga eigi að vera án eftirlits, burtséð frá því hvort um sé að ræða aðstandendur eða vini og að alls ekki sé ráðlegt að takmarka fjölskyldu né vina heimsóknir, það getur orsakað þann vanda að þegar fangi lýkur afplánu, að þá sé vinnuhópur hans aðeins fyrrum samfangar.

Um 46. gr.

Umboðsmaður Alþingis² hefur beint þeim tilmælum til fangelsismálastofnunar og fangelsisins Litla-Hrauni að endurskoða verklagsreglur með það að markmiði að meðferð mála við töku ákvarðana um heimsóknir án snertinga verði betur lýst og því verði þær fyrirsjáanlegri, enda verði þar gerð grein fyrir þeim meginþingarmíðum sem horft er til í slíkum málum. Ekki verður séð að þau sjónarmið umboðsmanns hafi verið höfð hér til hliðsjónar.

Borið hefur á óeðlilegum ákvarðanatökum þegar heimsóknargestur er samþykktur eða ekki og er sumum leyft að koma að heimsækja fanga en öðrum ekki. Miklsvægt er að rökstyðja skriflega og skilgreina miklu betur, hverju sé farið eftir við það ferli. Afstaða telur að fara eigi eftir sakaskrá og það megi gera undantekningar. Setja verður einhvers konar reglu um það að t.d megi ekki neinn koma í heimsókn sem hafi verið í fangelsi sl. eitt ár (fyrir utan náinn ættingja) og að aðili sem á stórfellt mál í kerfinu megi ekki heimsækja fanga. Dæmi eru um það að mönnum hafi verið meinað að koma að heimsækja fanga fyrir gömul mjög smávægileg brot eða brot sem aldrei væri möguleiki á að heimsóknargestur yrði dæmdur fyrir.

Gera þarf skýrar reglur um hverjir þurfa að heimsækja fanga í vistarverum fangelsis þar sem líkamleg snerting er bönnuð ss. í gegnum gler eða undir eftirliti. Í dag er þetta framkvæmt með mati eins starfsmanns og engar verklagsreglur eru til. Þessi tiltekni starfsmaður hefur fengið frjálssar hendur við að móta sínar aðferðir og verklag, sem er óásættanlegt.

Um 47. gr.

Einstaklingum hefur verið meinað að heimsækja fanga, þrátt fyrir að ítarleg líkamsleit hafi þegar farið fram. Einnig er það mjög algengt að nánir aðstandendur hafi sætt ítarlegri líkamsleit og veldur þetta oft miklu hugarangri og fólk veigrar sér við að heimsækja aðstandanda sinn. Engin ástæða er til að leit á heimsóknargestum í fangelsi sé með meira íþyngjandi hætti en þegar einstaklingur sætir leit á flugvelli. Í báðum tilfellum er eðlilegt að ekki sé gengið lengra í að leita á einstaklingi en nauðsynlegt er til að ná fram settu markmiði. Hæpið er að almenningur/stjórnvöld myndu setta sig við að borgarar

² Drög. Skýrsla umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar í fangelsið Litla-Hrauni, 3. maí 2013, bls. 5.

Um talsmenn fanga skv. 43.gr. laga nr. 49/2005:

„Fangar geta kosið sér talsmenn til að vinna að málefnum fanga og koma fram fyrir þeirra hönd.“

væru látnir sæta líkamsleit með handahófskenndum hætti, enda ósennilegt að slíkt myndi skila ætluðum tilgangi. Ganga verður út frá því að hagsmunir einstaklinga er varða frelsi manna og friðhelgi líkama vegi þungt enda eru þeir sérstaklega verndaðir í 67. og 68. gr. stjórnarskrárinnar og 3. og 5. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. 1. gr. laga nr. 62/1994.

Gera þarf skýrar reglur hvaða starfsmenn hafa aðgang að ferilsskrá lögreglu til að meta hvaða gestir megi koma í heimsókn til fanga.

Um 49. gr.

Hér skortir á að í ákvæðinu sé sérstaklega fjallað um vernd fanga til að ræða við kjörna fulltrúa á Alþingi Íslendinga án þess að á það sé hlustað og símtölin séu greidd af hinu opinbera. Þá verða fangar að geta talað við talsmenn fanga án þess að á það sé hlustað, ef um símtal er að ræða.

Um 50. gr.

Tryggja þarf öllum föngum rétt til að senda bréf til og frá talsmönnum fanga án þess að þau séu skoðuð.

Um 51. gr.

Tryggja þarf erlendum ríkisborgurum sem ekki skilja íslensku rétt til þess að geta fylgst með fréttum frá sínu heimalandi eða alþjóðlegri fréttastöð með ensku tali. Á Norðurlöndunum er föngum tryggt aðgengi að slíkum fréttarásam og einnig aðstaða til að komast á fréttarásir frá sínu heimalandi á veraldarvefnum með eða án eftirlits.

Tryggja þarf að talsmenn fanga geti óhindrað talað við fjölmiðla en svo virðist sem það sé nýmæli í þessu frumvarpi að takmarka aðgengi talsmanna fanga að fjölmiðlum.

Um 56. gr.

Lagt er til að fangar geti verið með sinn búnað sjálfir, en ef þeir eigi hann ekki sjálfir sé hægt að leigja slíkan búnað af fangelsinu. Ekki er gott að gera það algilt að fangelsin eigi allan búnað á klefa því fjárhagsstaða fanga er yfirleitt mjög slæm og mikið atvinnuleysi er í fangelsunum því fangelsunum hefur ekki tekist að tryggja atvinnu fyrir nema lítinn hluta fanga. Því fá mjög margir fangar aðeins dagpeninga sem er fyrir brýnustu persónulegri umhyrðu og einnig svo þeir geti haft samband við fjölskyldu sína. Því er ljóst að margir fangar gætu ekki staðið undir leigu á slíkum búnaði þrátt fyrir að gjaldið sé vægt. Það myndi vera íþyngjandi fyrir fanga og valda miklum sálrænum erfileikum. Rétt er að taka fram að einnig eru fangar sem fá hvorki dagpeninga né þóknun.

Lagst er gegn því að fangar megi ekki vera með fartölvu og tölvuprentara á klefa eins og nú er leyft í gildandi lögum nema að stunda nám. Það er skerðing frá núgildandi lögum. Ef þetta verður samþykkt mun það leiða til þess að allir fangar munu skrá sig í nám og margir án þess að stunda það. Það mun skemma gífurlega fyrir þeim sem virkilega vilja stunda nám. Þess ber að geta að mjög mikilvægt er að talsmenn fanga geti verið með greiddan aðgang bæði að tölvu og prentara.

Mælt er með því að bætt verði í þessa grein að forstöðumaður í lokuðu fangelsi geti heimilað tilteknum föngum eða deildum til þess að hafa net-tengdar fartölvur til þess að stunda nám, verknám, starfsþjálfun eða vinnu og jafnvel fyrir talsmenn fanga, sem halda úti heimasíðu. Þetta er mjög mikilvægur þáttur í því að geta deildarskipt fangelsum mun meira og þannig haldið úti ákveðnu gulrótarkerfi þar sem menn vinna sér inn réttindi til að nota net-tengda tölvu við fyrrgreind atriði

Varðandi búnað á klefa í opnum fangelsum þá erum við sammála þessari grein nema að við teljum ekki hægt að rukka fanga fyrir afnot á búnaði eins og í lokuðum fangelsum á meðan að fangelsin geti ekki tryggt öllum föngum vinnu.

Í 5. mgr. er talað um að fangi skuli eiga þess kost að fjármunir hans séu í vörslu fangelsisins. mikilvægt er að fanginn geti treyst því að fangelsið geti aldrei undir nokkrum kringumstæðum gengið að hans fjármunum án hans samþykkis.

Mikilvægt er að hafa í huga varðandi internet í fangelsunum að í dag þá fer mjög stór hluti samskipta vana og fjölskyldna fram á samfélagsmiðlum og í gegnum fjarskipta forrit í tölvum. Við teljum það mjög mikilvægt að fangi og fjölskylda hans geti fylgst með hvort öðru og átt í góðum samskiptum og ódýrum enda fangar á mjög lágum þóknum sem hafa ekki hækkað í áratug. Það að get

talað við fjölskyldu sína og börn gefur öllum þeim aðilum mjög mikið og eins og allir vita þá er það eitt af lykilatriðum í betrun; góð og bætt samskipti við fjölskyldu. Því teljum við mjög mikilvægt að ekki sé alveg lokað á það að forstöðumenn lokaðra fangelsa geti leyft að einhverju leiti internet aðgang. Það hefur t.d. verið sérstaklega erfitt fyrir erlenda fanga eða fanga sem eiga fjölskyldu erlendis, að eiga í góðum samskiptum við fjölskyldu sína. Rétt er að taka fram að í dag er internet leyft t.d í lokuðu fangelsi á Akureyri og í skólastofu Litla Hrauns.

Um 58. gr.

Fangar verða að geta kosið sér talsmenn, ekki bara úr röðum fanga heldur jafnvel fólk úr þjóðfélaginu sem ekki eru fangar. Einnig getur verið að félag fanga þurfi að velja sér talsmann sem ekki er í röðum fanga. Lagt er til að úr greininni sé tekin orðin: úr röðum fanga.

Tryggja þarf að fangar og talsmenn geti átt í samskiptum án þess að á þau samskipti sé hlustað af fangelsisfyrirvöldum og öðrum föngum.

Talsmenn fanga verða að geta óskað eftir sínum skjólstæðingum til fundar við sig og öfugt.

Talsmenn fanga verða að geta haft síma-,bréfa-, og tölvupóstsamskipti við umheiminn, einnig að halda úti heimasíðu félagsins.

Talsmenn fanga verða að geta haft aðgengi að öllum sínum skjólstæðingum hvort sem þeir eru í opnum, lokuð fangelsum eða á öryggisgangi. Einnig verða talsmenn að geta verið í samskiptum við sína skjólstæðinga í öðrum fangelsum eins og þeir telja nauðsynlegt og öfugt.

Talsmenn verða að geta haft aðstöðu í fangelsunum

Fangelsin skulu útvega talsmönnum bréfsefni, umslög og skrifstofuvörur.

Talsmönnum/ félagi fanga skal vera heimilt að rukka félagsgjöld til að standa straum af ýmsum kostnaði.

V. KAFLI.

Um 59. gr.

Allir fangar verða að vera jafnir fyrir lögum og ekki gengur að ákveðnir brotaflokkar fái fyrr leyfi en aðrir, og aðeins sumir möguleika á fjölskylduleyfum. Í dag fá þeir sem eru með lengstu dómanna að fara fyrr í leyfi en aðrir og þeir eru líka þeir einu sem fá fjölskylduleyfi samkvæmt þessu frumvarpi. Afstaða telur að til þess að allir séu jafnir fyrir lögum þurfi að koma til greina að allir fái leyfi eftir að hafa afplánað ¼ af dómnum en þó ekki skemmri tíma en eitt ár. Enda afar mikilvægt úrræði fyrir bætt tengsl við fjölskyldur.

Eins og fjölskylduleyfin eru sett upp í frumvarpinu þá gagnast þau engum nema þeim sem eru með lengstu dómanna. T.d. þarf fangi með 12 ára dóm, að bíða í 4 ár eftir dagsleyfi, eftir 6 ár fær hann svo fjölskylduleyfi, sem þýðir að hann fær einungis að fara í 2 skipti í fjölskylduleyfi og svo er hann kominn í frelsisferli á áfangenheimili. Ljóst er að þetta fyrirkomulag þarf að koma miklu fyrr svo það skili einhverjum árangri og taka þarf í þessu tilfelli meira tillit til aðstandenda fangans líka. Fjölskylduleyfin ættu að koma bæði fyrr og oftár, t.d. taka strax við af dagsleyfum eftir 1 ár,sem myndi þýða að fanginn fær fjölskylduleyfi í hverjum mánuði enda er fanginn búinn að sýna fyrirmyndarhegðun og hefur haldið reglur um dagsleyfi í ákveðinn tíma. Mjög ólíklegt er að fanginn muni misnota fjölskylduleyfið, það sýnir tölfræðin okkur. Í athugasemdunum kemur fram að hérna sé horft til danskra laga um fjölskylduleyfi. Afstöðu er fullkunnugt um þær reglur sem gilda um þessi leyfi í Danmörku og er ljóst að aðeins er horft til einstakra þátta varðand fjölskylduleyfi. T.d er allur gangur á því hvenær fangi fær að byrja á dagsleyfum og svo fjölskylduleyfum. Félagráðgjafar vinna allan tímann með fanganum og ákveða í samráði við fangelsisfyrirvöld hvenær sé kominn tími á slíkt leyfi og hversu oft. Fangar í Danmörku byrja mun fyrr á slíkum leyfum og geta einnig safnað þeim upp, þ.e. ef þeir fara ekki í eitt leyfi geta þeir farið í tvöfalt leyfi næst. Fangar sem komnir eru á tíma til að fá fjölskylduleyfi í Danmörku fá einnig 6 daga aukaleyfi yfir jól og áramót sem þýðir að þeir fái fjölskylduleyfi og auk þess 6 daga í viðbót sem nær þá yfir allar hátíðarnar. Á Nordurlöndunum eru dagsleyfi og fjölskylduleyfi talin langstærsti hluti betrunarferlis og sett upp til að auka hvata til að uppfylla þær meðferðaráætlanir og reglur sem fanganum eru settar. Þetta er kallað gulrótarkerfi.

Lagt er til að fangar fái 1 leyfi á mánuði eða 12 dags- eða fjölskylduleyfi á ári og það sé ákvörðun fangans hvenær í mánuðinum hann tekur leyfið. Í dag þurfa að líða 30 dagar á milli leyfa og getur það orðið til þess að fangi missi úr 1 leyfi á ári ef hann er að hliðra til fyrir sérstaka daga eins og afmæli eða jól og fl.

Um 60. gr.

Eftir svo langan tíma sem fanginn er að bíða eftir að fá möguleika á dags- eða fjölskylduleyfi, ætti frekar að vera honum til framdráttar hegðun og önnur þátttaka í meðferðaráætlun í fangelsi, heldur en brotaflokkur. Það er ljóst að ef fanginn á engan möguleika á þessu úrræði, þá sér hann ekki ástæðu til betrunar. Í þessu ákvæði er enginn hvati til betrunar. Eins og frumvarpið er núna er þessi þáttur um betrun orðinn aukaatriði. Oft eru mál lengi til meðferðar hjá lögreglu og því óeðlilegt að slík meðferð komi í veg fyrir framgang innan fangelsiskerfisins.

Um 62. gr.

Þessi grein er mjög góð, en það að láta fanga bíða í 5 ár eftir að eiga möguleika á þessu úrræði er allt of langur tími. Það segir sig sjálfst að láta fanga bíða og gera ekki neitt í 5 ár, en ætlast svo til að hann hefji einhverja betrun er hreinlega ótækt. Betrun með úrræði eins og þessu þarf að koma til miklu fyrir, og í raun að byrja að vinna með fangann strax í byrjun afplánunar svo hann verði fær um að taka þátt í þessu úrræði sem fyrst. Fangi nær aldrei að klára nám ef hann fær fyrst eftir 5 ár að hefja þátttöku í námi og ef fanginn klárar ekki nám á meðan hann er í afplánum er ólíklegt að hann geti það þegar hann losnar, vegna fjárhagsstöðu sinnar.

Einnig þarf lengd tímans að vera mun lengri en 12 mánuðir. Ef þetta ákvæði fer í gegn óbreytt er ljóst að þetta á aðeins við þá sem hafa verið dæmdir fyrir morð. Nær væri að sleppa því að segja að fangi verði að hafa verið samfellt í 5 ár í fangelsi og segja frekar að langtímafangi getur lokið síðustu 12 mánuðum í fangelsi með leyfi til að stunda nám, starfsþjálfun eða verkmenntun utan fangelsis. Síðan yrði að skilgreina hvað er langtímafangi og hversu hár dómur er miðað við. Á Norðurlöndunum er langtímafangi sá sem er með 6 ár eða meira.

Um 63. gr.

Við þessa grein eru sömu athugasemdir og um 63. gr. nema að út er tekið nám, starfsþjálfun og verknám og sett inn í staðinn vinna.

Um 64. gr.

Eftir svo langan tíma sem fanginn er að bíða eftir að fá möguleika á að stunda nám, starfsþjálfun, verknám og vinnu utan fangelsis, ætti frekar að vera honum til framdráttar hegðun og önnur þátttaka í meðferðaráætlun í fangelsi, heldur en brotaflokkur. Það er ljóst að ef fanginn á engan möguleika á þessu úrræði, þá sér hann ekki ástæðu til betrunar. Í þessu ákvæði er enginn hvati til betrunar. Eins og frumvarpið er núna er þessi þáttur um betrun orðinn aukaatriði.

Um 65. gr.

Skilgreina og rökstyðja þarf betur þau frekari skilyrði sem setja á til dvalar utan fangelsis.

VI. KAFLI

Um 69. gr.

Afstaða telur það mjög mikilvægt að fangi sé að jafnaði viðstaddur leit á klefa. Í umsögn laganefndar Lögmannafélags Íslands við frumvarp til laga um fullnustu refsinga dags. 25. janúar 2005 var lagt til að fulltrúi fanga, t.a.m. trúnaðarmaður fanga, væri viðstaddur leit á klefa.³ Ákvæðnu var breytt í meðförum þingsins árið 2005 og lögð fram breytingartillaga til að tryggja réttaröryggi þess sem leitað er hjá, eða eins og segir í breytingartillögunni „Við 52. gr. 1. másl. 3. mgr. orðist svo: Fangi skal að jafnaði vera viðstaddur leit í klefa.“⁴ Óeðlilegt er að hér sé horfið aftur til fortíðar, enda eðlilegt að gætt sé réttaröryggis þess er leitað er hjá.

Um 74. gr.

Í dag hafa fangelsisyrðingur ekki farið eftir núgildandi lögum varðandi agaviðurlög og heyrir það t.d. til undantekninga að fangi fái skriflega áminningu. Koma þarf upp allt öðru agabrotakerfi þar sem allir eru jafnir þegar um agabrot er að ræða og allir geti gengið að því vísu hvaða agaviðurlög þeir fái. Það

³ <http://www.althingi.is/pdf/erindi/?lthing=131&dbnr=748>

⁴ <http://www.althingi.is/alttext/131/s/1231.html>

að fangi geti fengið mörg agaviðurlög fyrir eitt brot ætti ekki að líðast. Í áliti umboðsmanns Alþingis nr. 2805/1999 gerir hann athugasemdir við svokallað „pakkaþyrirkomulag“ við ákvörðun tegundar og umfangs agaviðurlaga. Niðurstaða hans var sú að vafasamt væri að umrætt fyrirkomulag, sem almennt sé viðhaft við ákvörðun agaviðurlaga, sé í samræmi við þann lagagrundvöll sem ákvarðanir um agaviðurlög eigi að byggjast á.⁵ Misjafnt er t.d. hvað fangar fá í þóknun eða hvort þeir hafi dagpeninga og því getur það komið upp að einn fangi greiði meira en annar fyrir sama brot með sviptingu þóknunar/dagpeninga. Að svipta fanga dagpeninga/þóknun er hagsmunamál fyrir fangelsin, en það er skýr afstaða Afstöðu að enginn ætti að græða á að hafa fanga í agaviðurlögum. Það að takmarka heimsóknir fanga eða símtöl fanga er ekki aðeins refsing fyrir fangann heldur einnig fjölskyldu hans sem vissulega hefur ekki brotið af sér. Það getur verið mjög þungbært fyrir fanga og fjölskyldu hans að geta ekki hist í langan tíma. Afstaða hvetur til þess að komið verði á einföldu sektarkerfi fyrir öll agaviðurlög sem hugsanlega gæti verið um 500 kr til 1000 kr fyrir hvert agabrot og ekki sé refsing margþætt, slíkt fyrirkomulag er t.d. í Danmörku. Slíkt kerfi mun vera mun skilvirkara og jafnvel koma í veg fyrir brot. Að taka sjónvarp af fanga í refsingu kallar aðeins á iðjuleysi, sem svo síðan gæti kallað á frekari neyslu fíkniefna.

Um 77. gr.

Margar greinar frumvarpsins eru matskenndar, sem gerir ákvæði laganna oft og tíðum óljós og ónákvæm. Nauðsynlegt er að kveðið sé skýrt að orði og fjarlægt úr frumvarpinu frasa eins og „að jafnaði“ og „ef unnt er“. Annað hvort kveði löggjafinn á um að skoða skuli fanga í einangrun eða öryggisklefa daglega, eða ekki.

VIII. KAFLI

Um 80. gr.

Þarna ætti að koma upp umbunarkerfi með betrunarsjónarmið í huga, líkt og Norðurlöndin hafa komið upp. Allir fangar ættu að geta haft möguleika á að fá reynslulausn eftir ½ afplánunar ef hegðun hefur verið til fyrirmyndar allan tímann og fanginn fylgt vistunar- og meðferðaráætluninni sem gerð er í upphafi afplánunar alveg burt séð frá brotarflokki. Í Danmörku er slíkt kerfi og þar er notað orðatiltækið "eitthvað, fyrir eitthvað" (noget for noget) sem þýðir að ef þú hefur hagað þér vel og ert betri maður áttu jafna möguleika á reynslulausn og allir aðrir. Ef fanginn hefur ekki fylgt þeirri áætlun fær hann reynslulausn eftir 2/3 hluta eða enga reynslulausn. Þetta er í raun grundvallar atriði í betrun fanga og það er mjög varasamt að flokka fanga upp eftir brotum eða hversu oft þeir hafa komið í fangelsi. Ef það eru bara sumir sem fá sum úrræði og aðrir ekki þá virkar ekki betrun í fangelsiskerfinu. Þegar fangi er fær viljann til að breyta og áhuga á lífinu verða úrræði að vera til staðar fyrir hann, ef hann fær ekki aðstoð og umbun þá er nokkuð ljóst að það mun ekki virka. Það hlýtur að vera megin tilgangur með fangavistinni að betra fanga og aðstoða þá við að ná tökum á sínu lífi. Í dag eru fangar flokkaðir eftir brotum með hræðilegum afleiðingum enda kemur annar hver fangi aftur í fangelsi, sem er lang mesta endurkoma af öllum Norðurlöndunum og víðar. Ef fangi fær möguleika á að standa sig og hugsanleg úrræði eins og allir aðrir þá örvar það hann til þess að standa sig. Það á auðvitað ekki að vera auðvelt að fá reynslulausnir en allir verða að hafa jafnan möguleika.

Skýra þarf betur þessa grein og skýra betur setningarnar „sérstakar persónulegar ástæður“ og „hegðun fanga í refsivistinni hefur verið með ágætum“.

Í 4. mgr. um reynslausnir fyrir unga afbrotamenn, þá teljum við þetta afar gott og mikilvægt úrræði, hins vegar hefur alveg gleymst að gera ráð fyrir tímanum fyrir þenna hóp á undan reynslulausn eins og t.d. með dagsleyfi, nám, verknám, starfsþjálfun og fl. en það telst mjög mikilvægur þáttur í undirbúningi við losun fanga út í samfélagið. Taka verður á þessu og tryggja þessi úrræði fyrir unga afbrotamenn.

⁵ <http://umbodsmadur.is/ViewCase.aspx?Key=953&skoda=mal> (mál nr. 2805/1999)

Um talsmenn fanga skv. 43.gr. laga nr. 49/2005:

„Fangar geta kosið sér talsmenn til að vinna að málefnum fanga og koma fram fyrir þeirra hönd.“

XIII. KAFLI

Um 98. gr.

Rétt er að kveða skýrar á um birtingu reglna sem settar eru á grundvelli laganna í B-deild Stjórnartíðinda. Einnig að kveðið verði á um að ráðherra skuli setja í reglugerð ákvæði um þóknun og dagpeninga og að það verði tengt neytluviðmiði ákveðnu af umboðsmanni skuldara (áður var stuðst við Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna).

Ákvæði til bráðabirgða

Lagt er til að þetta ákvæði verði tekið út. Næst þegar skipaður er forstöðumaður sé hann ráðinn á faglegum forsendum og að hann hafi háskólamenntun við hæfi. Það gildir um bæða nýja umsækjendur sem og þá forstöðumenn sem nú starfa.

Við óskum eftir því að undirritaður, sem formaður Afstöðu og a.m.k. einn annar stjórnarmaður Afstöðu fái að mæta fyrir allsherjarnefnd til þess að fylgja umsögninni eftir enda er þetta afar stórt og mikilvægt frumvarp sem hefur áhrifa á líf og heilsu fjölmarga einstaklinga og fjölskyldna. Fangar eu á sama tíma eini aðilinn sem getur gefið ítarlegar lýsingar hvernig er að vera fangi og vistaður í fangelsi. Við óskum eftir að nefndin gefi sér rýmri tíma til að fara yfir þessa umsögn enda frekar ítarleg enda gífurleg reynsla og þekking, sem liggur að baki þessarar umsagnar. Til þess að við getum mætt fyrir nefndina þá þarf að boða okkur sérstaklega hjá fangelsismálastjóra í netfangið pw@fangelsi.is með nokkra daga fyrirvara helst. fangelsismálastjóri býst við óskinni.

Akureyri, 24. nóvember 2015.

Virðingarfyllst,

f.h. stjórnar Afstöðu, félags fanga,

Guðmundur Ingi Þóroddsson, formaður

Innanríkisráðuneytið

Stýrihópur um mótun réttaröryggisáætlunar og
vinnuhópur um áætlun um fullnustu refsinga
Sólvallargötu 7, 101 Reykjavík

B.t. Skúla Þórs Gunnsteinssonar.

Akureyri, 31. maí 2015

Tilv.: IRR13050185/11.11.0

Efni: Svar skv. beiðni stýrihóps um miðlun réttaröryggisáætlunar og vinnuhóps um áætlun um fullnustu refsinga.

Afstaða, félag fanga og annarra áhugamanna um bætt fangelsismál og betrun, er félag sem berst fyrir réttindum fanga líkt og nafnið gefur til kynna. Stjórnarmenn Afstöðu eru allir í afplánun og eru þeir kjörnir af samföngum í kosningu. Afstaða er því rödd dómþola í málum þeim tengdum og varðar réttindi þeirra og skyldur, en að auki eru í Afstöðu aðstandendur fanga og annarra áhugasamra um framfarir í fangelsismálum. Afstaða hefur beina hagsmuni af þeirri vinnu sem stýrihópurinn sinnir og hefur margt fram að færa í þessu máli enda telur Afstaða að mikilla breytinga sé þörf á núverandi refsikerfi. Afstaða leggur áherslu á betrun.

Hugmyndafræði.

Hugmyndafræði fullnusturefsinga ætti að vera betrun í stað refsingar og fremur ætti umfjöllunarefnið að vera betrunarvist en ekki refsivist. Á Norðurlöndum hefur verið sýnt fram á að vægari dómur fyrir afbot, betri aðstaða og aðbúnaður afplánunarfanga og það að fangavistin hafi jákvætt innihald t.d. með bóknámi, verknámi og starfsþjálfun fyrir fanga (meðan á afplánun stendur en ekki síður eftir afplánun), hefur skilað sér í lægri endurkomutíðni í fangelsi. Það leiðir svo aftur af sér minni fjárhagslegan kostnað fyrir samfélagið allt þegar einstaklingar hafa náð betrun, snúið við blaðinu og horfið frá slæmum síðum. Vissulega getur kostnaður við fullnustu refsinga verið meiri í byrjun þegar rekin er markviss betrunarstefna en til lengri tíma litið sparar hún samfélaginu umtalsverða fjármuni. Hver og einn einstaklingur sem snýr við blaðinu og lætur af fyrri iðju sparar samfélaginu kostnað vegna 1) afskipta lögreglu (oft og tíðum einnig heilbrigðisyfirvalda) og annan sakarkostnað, 2) dómstólameðferð, 3) tjón brotþola (líkamstjón og miski, eignaspjöll o.fl.), 4) annan samfélagslegan kostnað eins og örorkubætur eða fjárhagsaðstoð sveitarfélaga og 5)

fangelsiskostnað. Ef slíkur einstaklingur hefur ekki stundað atvinnu en nær að snúa við blaðinu og afla sér tekna sparar það ríkisvaldinu a.m.k. tugi milljóna yfir lífsskeið viðkomandi og jafnvel meira, sé umræddur dómþoli ungur að árum.

Í núverandi fullnustukerfi er ekki rekin betrunarvist. Til þess að unnt sé að segja að rekin sé "betrunarvist" hér á landi verður að vera um að ræða betrunarstefnu. Slík stefna er ekki til. Betrunarstefna verður að hafa ákveðin markmið sem eru mælanleg til þess að fá upplýsingar um hvort stefnan beri árangur eður ei. Sá árangur verður væntanlega best mældur með því hvort endurkomum dómþola hafi fækkað. Þessi atriði verða að vera mæld og rannsökuð sérstaklega og æskilegt er að það sé utanaðkomandi aðili en ekki Fangelsismálastofnun sem geri slíkt reglulega með úttekt eftir fyrirfram ákveðnum forsendum um það hvernig endurkomutíðnin skuli reiknuð og mæld. Þá er sérstaklega mikilvægt að stjórnvöld sýni fram á skilvirkni aðgerða sem fela í sér mesta inngripi sem ríkisvaldinu leyfist að hafa í líf þegna sinna með hlutlausum og áreiðanlegum mælikvörðum.

Yfirvöld hérlendis kalla refsivistina stundum betrunarvist og vissulega hafa verið tekin nokkur skref í rétta átt en því miður er enn langt í land. Dómþolar eru t.d. dæmdir til refsingar og hvergi er í lögum minnst á "betrun". Námsframboð er afar takmarkað og fjárhagsleg aðstoð vegna kostnaðar við nám er af skornum skammti. Aðgengi til náms er mismunandi eftir fangelsum og aðilum þannig mismunað. Mjög algengt er að dómþolar með styttri dóma (12-18 mánuði) sem eru með mál í kerfinu fái ekki reynslulausn og önnur réttindi, t.d. dagsleyfi, sem aðrir dómþolar fá. Nær enga aðstoð sálfræðinga eða geðlækna er að fá fyrir fanga, sem er ekki viðunandi fyrir breiðan hóp dómþola sem margir þurfa reglulega meðhöndlun. Engin kennsla eða þjálfun í lífsleikni á sér stað, en á því væri mikil þörf hjá mörgum ungum dómþolum. Félagsráðgjöf er afar takmörkuð. Tómstundastarf er af skornum skammti og litla vinnu er að hafa. Fangar í dag eru í raun í "geymslu" á meðan þeir taka út refsingu. Það er ekki betrun. Samskipti við vini og fjölskyldu er takmörkuð vegna mikils símakostnaðar, auk mjög takmarkaðra réttinda varðandi nettengdar tölvur. Fangelsismálastofnun er fjársvelt og undirmönnuð.

Því miður er tíminn ekki nýttur til að betra dómþola með því að veita þeim þá sálhjálp og geðheilbrigðisþjónustu sem þörf er á. Menn eru ekki hvattir til náms við hæfi eða studdir við það. Verknám er ekkert. Dómþolar á Vernd eiga erfitt með að stunda nám vegna þess kostnaðar sem þeir bera af verunni þar. Mjög fáir dómþolar stunda háskólanám. Tímanum sem menn eru í afplánun er því sóað og hættu á því að dómþolar komi aftur út í samfélagið forhertari en áður, nema vilji þeirra sjálfir til betrunar sé þeim mun sterkari og þeir berjast sjálfir fyrir rétti sínum. En til þess að brjóta ákveðinn vítahring neyslu og afbrota þarf mikið að koma til, ekki síst utanaðkomandi faglegur stuðningur og hvatning. Margir dómþolar hafa aldrei unnið á almennum vinnumarkaði. Engin starfsendurhæfing, starfsþjálfun eða stuðningur fer fram eftir að afplánun lýkur. Nokkrir dómþolar nýttu sér úrræði starfsendurhæfingar Ekron fyrir nokkrum árum með góðum árangri, en eftir að það úrræði var lagt niður sýndi velferðarráðuneytið engan vilja til að taka upp sambærilegt úrræði til atvinnuendurhæfingar.

Við viljum vera kölluð velferðaríki þar sem mannréttindi eru í hávegum höfð. Til þess að svo megi verða þurfum við að taka upp markvissa betrunarstefnu og þegar menn eru dæmdir til afplánunar séu menn dæmdir til betrunar fyrst og fremst, en ekki til refsingar eingöngu. Refsidómur þýði ekki missi á mannréttindum eins og réttinn til þess að lifa með reisu, rétt til menntunar, rétt til "the highest attainable standard of health" semsagt heilsu og ekki má mismuna föngum vegna stöðu þeirra osfrv.

Betrunin ætti að byggjast á mannúðarsjónarmiðum, menntun, sálfræði- og vímuefna meðferðum. Tímstundir, nám og vinna ætti að vera fjölbreytt og læknisþjónusta, sálrænn stuðningur, félagsráðgjöf og sálgæsla til fyrirmyndar. Vistarverur ættu að vera boðlegar og fangaverðir sérþjálfaðir í betrun. Samskipti fangavarða og fanga þurfa að vera góð og um samstarf þarf að vera að ræða.

Til upplýsingar og umhugsunar fyrir nefndina vill Afstaða koma eftirfarandi á framfæri: Árið 2013 sendi Stefán Eiríksson, þáverandi lögreglustjóri í Reykjavík, bréf til þáverandi innanríkisráðherra, Ögmundar Jónassonar, um tillögur að vísu af betrunarstefnu. Lögreglan vildi í samstarfi við ráðuneytið, Fangelsismálastofnun og sveitarfélögin koma á ákveðnu úrræði sem dómþólar myndu gangast í gegnum í afplánun. Ef þeir stæðust það, þá fengju þeir reynslulausn fyrr og aðstoð við að fóta sig í lífinu eftir afplánun, þ.e. að sveitarfélögin myndu aðstoða við húsnæði, meðferð, nám eða vinnu. Virkt eftirlit yrði með þeim og þar kæmu að félagsfræðingar, bæði Fangelsismálastofnunar og sveitarfélaganna, að málum. Hver þáttur lögreglunnar yrði er okkur ekki kunnugt um, en algengt er á Norðurlöndunum að lögreglan komi að ákvörðunum um dagsleyfi, helgarleyfi og reynslulausn fanga.

Afstaða sendi borgarstjóranum í Reykjavík erindi á svipuðum nótum í febrúar sl. og tók hann mjög vel í málið og vísaði erindinu á Stefán Eiríksson, sviðsstjóra velferðar hjá borginni. Stefán Eiríksson er sá sami og sendi Ögmundi erindið á sínum tíma. Stefán og borgarstjóri eru hlyntir úrræðinu og vilja koma að því. Fangelsismálastofnun er einnig hlynt því og því ætti að vera auðvelt að koma þessu á á þessum tímapunkti, en ljóst er að samtök sveitarfélaga, innanríkisráðuneytið og lögreglan þyrftu einnig að koma að málum.

Hér er linkur á samstarfsverkefni Betrunarstofu Danmerkur og allra sveitarfélaga í Danmörku: <http://www.kriminalforsorgen.dk/Samarbejde-med-kommunen-2365.aspx>

Framtíðarsýn.

Meðalhóf stjórnsýslulaga segir til um að vægasta úrræði skuli beitt að settu markmiði. Í því ljósi ættu menn með styttri dóma vegna ungs aldurs eða við fyrsta brots að vera gefinn kostur á því að afplána dóm með rafrænu eftirliti, líkt og gert er annars staðar á Norðurlöndum.

Menn sem hefja afplánun ættu að fara í ýtarlegt mat á líkamlegu og sálrænu heilbrigði og hljóta meðferð í samræmi við það. Taka ætti tillit til öryggis þeirra og annarra varðandi ákvörðun um vistunarstað. Fjölbreyttari úrræði þarf í fullnustu dóma og með tilliti til meðalhófs ættu fangar að hefja afplánun í opnu úrræði, sé þess kostur, og ef það telst ekki mögulegt sökum öryggisreglna ætti að fylgja rökstuðingur fyrir öðru og mönnum gefinn kostur á að bæta ráð sitt með markvissri áætlun.

Allir einstaklingar sem eru í afplánun verða að eiga jafna möguleika á tækifærum eins og opnum úrræðum, dags- og helgarleyfum og reynslulausnum, hvort sem er eftir helming afplánunar eða 2/3 hluta hennar. Engu máli á að skipta hvort einstaklingurinn sé í fyrsta skipti eða 20. skipti í afplánun og hvort einstaklingurinn hafi eins árs dóm eða 20 ára. Allir verða að eiga jafna möguleika á öllum úrræðum. Það er lykilatriði, því annars mun betrunarkerfið aldrei virka og þar af leiðandi verða einstaklingarnir aldrei jafnir. Mjög misjafnt er hvenær á lífsleiðinni einstaklingurinn finnur hjá sjálfum sér að nú sé tími til að koma reglu á sitt líf og að nú verði allt gert til þess að betra sig, því er mikilvægt að öll úrræði séu til staðar á þeim tímapunkti.

Tillögur að framgangi og betrun í fangelsiskerfinu

Tillögurnar eru settar fram með hliðsjón af norski og danski afplánunar-tilhögun.

Tilgangurinn er fyrst og fremst að fækka endurkomum í fangelsi, að byggja upp einstaklinga sem hafa lágt sjálfsmat og hafa villst af braut, auk þess að fækka vímuefnaneytendum innan fangelsisins.

1. Dómpoli sem ekki hefur áður gerst brotlegur og fær **undir 2 ár í refsingu afpláni í rafrænu úrræði**. Til að koma í veg fyrir skaðsemi sem það að fara í fangelsi getur haft í för með sér, atvinnumissi, fjölskyldu- og vinamissi, falla í rangan félagsskap o.fl. teljum við vænlegra til árangurs að fólk með minniháttar dóma fari aldrei inn í fangelsiskerfið. Oft hafa ungir og áhrifagjarnir einstaklingar, með minniháttar dóma, farið í fangelsi og kynnst þar mönnum sem eru ekki á leið til betrunar. Þeir jafnvel líta upp til þeirra og dragast inn í harðari afbrot að afplánun lokinni. **Rýmka ætti skilyrði vegna samfélagsþjónstu** sem eru þannig í dag að dómpólar með allt að 9 mánaða óskilorðsbundinn dóm geti sótt um og fengið samfélagsþjónstu. Hámarksíð ætti að hækka í 18 mánuði en 12 mánuði að lágmarki. Búa ætti betur að samfélagsþjónustu og e.t.v. kanna hvort unnt sé að tengja saman samfélagsþjónustu á stundum við starfsendurhæfingu. Dómpólar fá lítið út úr því að vera eingöngu að skúra gólf.
2. Að reglan verði sú að einstaklingar sem hafa ekki áður gerst brotlegir og fá dóm sem er **undir 7 ár hefji afplánun í opnu úrræði**. Þá er hugað að sömu ástæðu og í lið nr.1. Standist viðkomandi hins vegar ekki þær kröfur sem gerðar eru til þeirra sem vistast í opnum úrræðum séu þeir einstaklingar sendir í lokað fangelsi.
3. Lögð er til sú breyting að í stað þess að hafa rétt til leyfa utan fangelsis eftir að $\frac{1}{3}$ dóms hefur verið afplánaður (þó aldrei síðar en eftir 4 ára afplánun), eins og er í dag, verði reglan sú að **taka dagsleyfa hefjist eftir afplánun $\frac{1}{4}$ dóms**. Dæmi er um að menn sem fá reynslulausn eftir að hafa afplánað helming dóms hafi aldrei kost á því að nýta sér dvalarleyfi, þar sem þeir uppfylla skilyrði til afplánunar á Vernd áður en $\frac{1}{3}$ af dómi (sá tími sem miðað er við í dag að taka dagsleyfa hefjist). Miðað við núverandi fyrirkomulag hefst réttur til töku dagsleyfa eftir 4 ár, hvort sem menn eru með 12 eða 16 ára dóm. Megintilgangur breytingarinnar þó sá að dómpoli missi ekki tengsl við venjulegt fólk og venjulegt líf, en dæmi eru um einstaklinga sem hafa lítið annað að gera en að heimsækja menn sem þeir hafa afplánað með.
4. Einstaklingar hafi möguleika á **námsháttöku utan fangelsis** þegar þeir uppfylla skilyrði til dvalar utan fangelsis, hafa sýnt af sér fyrirmyndarhegðun í fangelsi og stunda nám við námsgrein sem krefst þátttöku í námslotum. Það hefur sýnt sig að einstaklingar sem mennta

sig og vinna sér inn ákveðin starfsréttindi gengur betur að feta sig í samfélaginu en ella að lokinni afplánun.

5. Að dómpóla sem hefur afplánun verði **úthlutað félagsráðgjafa frá sínu sveitafélagi** sem heldur utan um hans mál, veitir honum upplýsingar varðandi framgangs- og betrunarstefnu fangelsisins og ýti undir að hann nýti sér þau úrræði sem honum stendur til boða. Tilgangurinn er að auðvelda eftirfylgni með einstaklingnum þegar hann snýr út í samfélagið að nýju og tryggja að hann fái þá aðstoð sem sveitarfélögin bjóða upp á. Með því að skipuleggja slíka aðstoð betur en nú er gert fær samfélagið meira til baka fyrir þá aðstoð sem veitt er, en hefur ekki verið nægjanlega markmiðsmiðuð. Þannig getur félagsráðgjafinn fylgst með, frá upphafi, hvert einstaklingurinn hyggst stefna í vinnu eða námi og aðstoðað við að sækja þau meðferðarúrræði sem einstaklingurinn hefur hug á. Félagsráðgjafar fangelsismálastofnunar verði síðan tengiliðir við félagsráðgjafa hjá félagsþjónustum sveitarfélaganna.
6. Eftir ár á dvalaleyfum fyrir utan fangelsi, hafi vistmaður unnið sér það inn, fái vistmaður tækifæri á **2 daga leyfi**. Þá er verið að hugsa til að menn virkji samband við sína nánustu, börn, maka, foreldra, systkin. Því í 14 tíma leyfi er mikið um stress og áreiti fyrir vistmenn, þeir reyna að gera allt á 14 tímum, og væri því hægt að eyða meiri tíma með hverjum og einum. Þetta úrræði þarf að hugsa með hagsmuni maka, barna og fjölskyldu fangans í huga. Þetta úrræði er eitt það allra mikilvægasta í betrun fangans. Afstaða telur að ekki megi líða lengri tími en 1 ár frá því að fanginn byrjaði á dagsleyfum þangað til að 2 daga leyfi verði veitt.
7. Þegar einstaklingur afplánar á áfangaheimili Verndar eða sambærilegu úrræði verði 2ja daga leyfin helgarleyfi sem gildi allar helgar. Þá verði hætt að gera kröfu um viðveru á Vernd virka daga, milli 18:00 og 19:00. Algengt er að einstaklingar sem eru að feta sig út í lífið taki að sér störf í þjónustugreinum og iðnaði. Hvort sem um er að ræða starf í verslun, byggingavinnu eða skyndibitastað er vinnutíma vart lokið um kl. 17:00 þannig að einstaklingur geti lokið störfum og ferðast á dvalarstað. Þá eru dæmi um að nám, s.s. nám til matsveins og háskólanám í fjarnámi, hefjist kl. 17:00 og standi fram eftir kvöldi. Ekki er séð að slíkar hömlur, sem þær að vera á dvalarstað sínum milli kl. 18:00 og 19:00, þjóni sérstökum tilgangi enda gengst einstaklingurinn undir að ávallt sé hægt að ná í hann símleiðis. Lagt er til að hámarksvistunartími á Vernd eða í sambærilegu úrræði verði færður upp í 18 mánuði
8. Að reglan verði sú að sé vistmaður búin að vinna sér inn rétt til dvalar fyrir utan fangelsi verði það **fært úr 30 daga fresti og yfir í 12 leyfi á ári að lágmarki**. Samkvæmt heimildum frá Kriminallforsorgen í Danmörku hafa vistmenn rétt á leyfi til dvalar fyrir utan fangelsi á 3 vikna fresti, hvort sem það er dagsleyfi eða helgarleyfi. Nýti vistmaður sér ekki leyfið þá fellur það ekki út heldur safnast upp. Þ.e.a.s að ef 6 vikur líða frá því að vistmaður nýti sér leyfi, þá getur hann tekið út 2 í einu. Tilgangurinn er sá að vistmaður nýti sér þessi úrræði og haldi fast í tengsl sem hann hefur við ættingja og vini. Dæmi eru um að skjólstæðingur fangelsismálastofnunar verði af 2-3 dvalarleyfum á ári því hann er að hagræða og seinka leyfum í kringum viðburði sem eiga sér stað í hans persónulega lífi fyrir utan fangelsi, t.d afmæli ættingja. Í Noregi fá fangar 24 stunda leyfi í minnst 18 skipti á ári en mest 30 skipti, þó má veita fleiri leyfi ef rík ástæða er fyrir hendi. Þess má geta að Ísland er það ríki sem veitir fæst leyfi frá fangavist í Evrópu eða um 7 sólarhringa. Það ríki sem kemur á eftir okkur er Úkraína með 13 sólarhringa samtals. Norðurlöndin hafa mun rýmri reglur.
9. Að reglan verði sú að nýti vistmaður sér ekki dvalarleyfi sem hann á rétt á **verði hann ekki af því heldur eigi hann það inni** og geti þá nýtt sér það næst þegar hann á rétt á dvalarleyfi. Dagsleyfi eru sérlega mikilvægur þáttur í að viðhalda tengslum við vini og vandamenn, því er núverandi fyrirkomulag verulega gallað þar sem fjöldi leyfa á ársgrundvelli fellur í raun niður þar sem oft geta liðið meiri en 30 dagar á milli leyfa.

10. Að lög um fullnustu refsinga á rafrænu eftirliti verði breytt þannig að dómþolar sem afplána á rafrænu eftirliti þurfi ekki að hafa fyrst afplánað á áfangaheimili Verðar eða sambærilegu úrræði heldur geti þeir strax **hafið afplánun á rafrænu eftirliti**. Þannig er opnað fyrir möguleikann á að dómþolar sem eru með styttri dóma hefji afplánun með rafrænu eftirliti. Það kemur í veg fyrir að dómþolar komist í kynni við vistmenn sem eru að afplána, eða hafa verið í afplánun, í fangelsum. Standist einstaklingur ekki þær kröfur sem gerðar eru til þeirra sem afplána undir rafrænu eftirliti sé viðkomandi hins vegar látinn afplána í opnu fangelsi. Lagt er til að hámarkstími á rafrænu eftirliti verði 18 mánuðir.
11. Heimildir til að veita einstaklingum reynslulausn, helming eða á milli $\frac{1}{2}$ og $\frac{2}{3}$, hafa verið lítið nýttar. Nauðsynlegt er að meta, t.d. ef einstaklingur er kominn á skrið í námi, hvort vænlegra sé til árangurs að veita reynslulausn fyrr í einhverjum tilfellum þannig að viðkomandi geti tekið þátt í verklegum hluta náms eða að öðru leyti skapa samfellu – og framgang – í uppbyggjandi starfi sem sé líklegt til að leiða til þess að einstaklingurinn snúi síður í fangelsi að nýju. Auka ætti möguleika dómþola að afplána í áfengis- og/eða vímuefna meðferð og auka fjölga meðferðarúrræðum innan og utan Fangelsismálastofnunar. Engin þjónustusamningur er t.d. á milli Fangelsismálastofnunar og meðferðarheimilinu á Krísvík. Rýmka ætti möguleika dómþola að afplána í meðferð í upphafi og/eða lok afplánunar þar sem það á við.
12. Deildarskipta þarf fangelsum landsins miklu meira og veita meiri fríðindi en gert er í dag. Það myndi valda því að enn erfiðara yrði fyrir fanga að brjóta af sér í fangavistinni og sambúð fanga yrði mun betri en hún er í dag. Einnig yrðu samskipti fanga og fangavaraða betri. Í dag eru alls ekki margir fangar sem þyrftu að vera t.d. á lokuðum göngum og væri hægt að leysa það með að hafa 2 lokaða ganga á Litla-Hrauni og aðrir gangar yrði þá misopnir. Opin fangelsi yrðu þá gerð meira opin en þau eru í dag, enda má segja að þau séu ekki nema hálf opin. Á Norðurlöndunum eru opin fangelsi mun opnari en íslensku fangelsin. Öll þessi skref myndu hafa gífurleg áhrif á allt er varðar umgengni, samskipti við samfanga og fangaverði, fíkniefna og lyfjaneyslu og alla hegðun í fangelsunum.

Gildi.

Betrun, mannréttindi, þjónusta, öryggi og fyrirgefning.

Markmið.

Betrunarvist skili út í samfélagið betri einstaklingum en það tók að sér. Einstaklingum, konum og körlum sem hafa betri framtíðarmöguleika og eiga auðveldara með að aðlagast aftur samfélaginu sem fullgildir borgarar þess.

Að lokum.

Afstaða vill koma því á framfæri að félagið hefði talið nauðsynlegt og í raun eðlilegt að félagið hefði haft fulltrúa í vinnuhópnum eða a.m.k. áheyrnarfulltrúa. Ef raunverulegur áhugi er fyrir hendi hjá stjórnvöldum til þess að breyta refsivist yfir í betrunarvist og fylgja í fótspor nágrannaríkja, þá verða stjórnvöld að viðurkenna að við séum á eftir í þessum málaflokki og

fá reynslumikið og menntað fólk úr betrunarkerfum nágrannaríkja okkar að móta betrunarstefnu Íslendinga. Við erum nefninlega ekki að finna upp hjólið í þessum efnum heldur þvert á móti heldur hefur þetta sýnt ótvíræðan árangur í þeim löndum sem hafa tekið upp þessa stefnu og því nokkuð til af fólki með þá reynslu, en ekki á Íslandi. Taka þarf upp hugtakið betrunarstefna og jafnvel breyta nafni Fangelsismálastofnunar í Betrunarstofa ríkisins. Til að þetta vinnist vel og við getum ýtarlega greint frá okkar hugmyndum þarf samtal til og sjálfsagt oftár en einu sinni. Afstaða lýsir sig tilbúna til þess að skipa fulltrúa til að vinna að þessu kerfi með vinnuhópnum.

Akureyri, 31. maí 2015.

Virðingarfyllst,

f.h. Afstöðu,

Guðmundur Ingi Þóroddsson, formaður.

Fylgiskjal 1: Norsku fangelsislögin: <https://lovdata.no/dokument/NL/lov/2001-05-18-21>

Fylgiskjal 2: Umsagnir Afstöðu um drög að frumvarpi um fullnustu refsinga: <http://www.afstada.is/stjornsysla.html>

Fylgiskjal 3: Grein eftir Knut Storberget, fyrrv.dómsmálaráðherra Noregs: <http://www.afstada.is/noregur.html>

Fylgiskjal 4: Bréf afstöðu til borgarstjórans í Reyjavík